

Ár 2015, miðvikudaginn 29. júlí, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar. Fyrir var tekið mál nr. 10/2013:

**Sigurjónsson & Thor ehf.  
f.h.  
Moleskine S.p.A., Ítalíu  
gegn  
Einkaleyfastofunni  
vegna  
ákvörðunar hennar  
frá 4. júlí 2013  
um að hafna skráningu  
á vörumerkinu MOLESKINE,  
sbr. alþjóðleg skráning nr.  
1043501.**

Kveðinn var upp svofelldur

*úrskurður:*

Með bréfi, dags. 2. september 2013, skaut umboðsmaður áfrýjanda til áfrýjunarnefndar ákvörðun Einkaleyfastofunnar (ELS) frá 4. júlí 2013 um að hafna skráningu á vörumerkinu MOLESKINE, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1043501. Þess var krafist að ákvörðun ELS yrði hrundið.

*Málavextir:*

## I.

Með tilkynningu Alþjóðahugverkaréttarstofnunarinnar (WIPO), dags. 26. janúar 2012, var óskað eftir yfirfærslu alþjóðlegrar skráningar nr. 1043501, MOLESKINE (orðmerki), til Íslands. Óskað var eftir því að merkið yrði skráð til að auðkenna tilteknar vörur og þjónustu í flokkum 9, 11, 14, , 18, 20, 25 og 41.<sup>1</sup>

Með bréfi ELS til WIPO, dags. 11. apríl 2012, var tilkynnt um að vörumerkið fengist ekki skráð hér á landi fyrir vörur í flokkum 18 og 25 þar sem merkið væri ekki til þess fallið að greina vörur eins aðila frá vörum annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga um vörumerki, nr. 45/1997 (vml.). Bent var á að merki sem einungis eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum, gæfi til kynna tegund, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða það hvenær vara

---

<sup>1</sup> Vörulistinn er birtur í fylgiskjali.

var framleidd gæti ekki verið talið hafa til að bera nægjanlegt aðgreiningarhæfi. Hið sama ætti við um tákni eða orðasamsetningu sem væri algeng í viðskiptum eða daglegu máli.

Með bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 3. desember 2012, var þess krafist að vörumerkið MOLESKINE fengist skráð hér á landi og var bent á að merkið væri vel þekkt og áfrýjanda því umhugað um að höfnun á skráningu byggðist á réttri túlkun 13. gr. vml. Vísað var til þess að samkvæmt tilskipun 89/104 EBE frá 21. desember 1998 um samræmingu löggjafar um vörumerki (nú tilskipun 2008/95/EC) væri óheimilt að skrá merki sem skorti sérkenni (e. „devoid of any distinctive character“) og merki sem væru lýsandi. Bent var á að hvoru tveggja rúmaðist innan 13. gr. vml. Umboðsmaðurinn kvað mikilvægt fyrir áfrýjanda að þekkja ástæður fyrir höfnun skráningar en hann taldi óljóst hver ástæðan fyrir höfnun væri. Þá var talinn upp hluti af þeim vörum sem merkinu væri ætlað að auðkenna og vísað til athugasemda við 13. gr. þess frumvarps sem varð að vörumerkjalögum. Í athugasemdunum kæmi fram að krafan um aðgreiningarhæfi og sérkenni byggðist annars vegar á því sjónarmiði að einfaldar myndir, mynd af sjálfri vörunni eða lýsing á henni með almennum orðum væri ekki til þess fallin að gefa henni sérkenni í huga almennings. Hins vegar væri ekki talið réttmætt að einstakir aðilar helguðu sér almennar lýsingar á vöru enda takmarkaði það svigrúm annarra til að gera grein fyrir sinni vöru. Umboðsmaður áfrýjanda fullyrti að MOLESKINE væri vel þekkt sem vörumerki og heiti á fyrirtæki áfrýjanda. Bent var á að vörumerkið hefði verið skráð hjá Evrópsku skráningarstofunni (OHIM). Því næst benti hann á að ELS bæri að rökstyðja synjun sína með hliðsjón af málsatvikum og var vísað til fræðirits í því sambandi. Að lokum var þess krafist að vörumerkið MOLESKINE, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1043501, yrði samþykkt til skráningar hér á landi.

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 16. janúar 2013, var tilvísun til 1. mgr. 13. gr. vml. ítrekuð og getið um að tilgangur hennar hefði ekki aðeins verið sá að koma í veg fyrir að einstakir aðilar helguðu sér merki sem gætu takmarkað rétt annarra til að lýsa vöru sinni eða þjónustu heldur einnig að koma í veg fyrir skráningu merkja sem hefðu ekki nægjanlegt sérkenni til að bera, þ.e. væru ekki til þess fallin að sérgreina vöru/þjónustu í huga neytenda. Bent var á að framangreind sjónarmið snéru að hagsmunum annarra í atvinnulífinu og að hagsmunum neytenda. Þá sagði orðrétt:

Orðmerkið MOLESKINE óskast skráð fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 11, 14, 18, 20, 25 og 41. Samkvæmt *Snöru vefbókasafni* merkir orðið *moleskine* á frönsku *leðurlíki*. Með vísan til þeirrar þýðingar orðsins er það mat Einkaleyfastofunnar að merkið MOLESKINE sé

lýsandi fyrir þær vörur sem það óskast skráð fyrir í flokkum 18 og 25. Einkaleyfastofan telur að orðið skorti sérkenni og sé ekki til þess fallið að greina umræddar vörur umbjóðanda ykkar frá áþekkingum vörum annarra.

Þá vísaði ELS til þess að skráningaryfirvöld tækju sjálfstæðar ákvarðanir um skráningarháfi vörumerkja.

Í bréfi umboðsmanns áfrýjanda til ELS, dags. 5. apríl 2013, var þess enn krafist að vörumerkið MOLESKINE yrði auglýst til andmæla í samræmi við hina alþjóðlegu skráningu. Vísaði hann til þess að ELS bæri að meta rök áfrýjanda fyrir skráningu vörumerkisins. Umboðsmaðurinn vísaði til þess að ákvörðun ELS um að hafna skráningu á merki áfrýjanda byggðist á því að umrætt orð væri tilgreint sem franskt orð á vefbókasafni. Benti hann á að tilvísun til orðabókar gæti ekki losað ELS undan mati á sérkenni og kvað hann merkinguna á frönsku vera lítið þekkt og að merking samstofna orða í ensku og íslensku væri önnur en í frönsku. Þá var vísað til þess að vörumerkið MOLESKINE ætti sér langa og merkilega sögu sem auðkenni frægra minnisbóka. Umboðsmaður áfrýjanda benti á að saga baðmullarefnisins „moleskin“ (enska) væri áhugaverð en sú merking sem ELS hefði vísað til ætti ekki við um það né heldur væri sú merking þekkt í frönskumælandi heimi og nánast óþekkt utan hans. Bent var á að samkvæmt ensk íslenskri orðabók með alfræðilegu ívafi þýddi orðið moleskin moldvörpuskinn, molskinn, þ.e. þykkt þéttofið bómullarefni notað í t.d. vinnufatnað. Þá táknaði fleirtölumynd orðsins molskinnsflík, einkum buxur. Að mati umboðsmannsins ættu hinar ólíku merkingar orðsins ekki að hafa áhrif á mat á sérkenni vörumerkisins MOLESKINE, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1043501. Þá var vísað til fræðirits og ítrekað að orðið væri lítið þekkt meðal frönskumælandi neytenda og því velt upp hvað mætti þá segja um skilning íslenskumælandi neytenda á orðinu. Umboðsmaðurinn taldi að það að orðið kæmi fram í orðabók væri ekki næg ástæða fyrir því að synja um skráningu þess. Var vísað til dóms Evrópudómstólsins í MATRATZEN-máli<sup>2</sup> og til niðurstöðu áfrýjunarnefndar í máli nr. 2/1999 (ESPRIT). Þá var vísað til þess að þeim mun óhagstæðari sem niðurstaða væri fyrir málsaðila þeim mun meiri kröfur yrði að gera til rökstuðnings fyrir henni. Umboðsmaður áfrýjanda vísaði til þess að merking orðsins á frönsku tengdist ekki hinum frægu MOLESKINE bókum. Bent var á að árið 1998 hefði fyrrum eigendur merkisins endurhannað minnisbók sem hefði verið afar vinsæl snemma á 20. öld og hefði tryggur notendahópur orðið til. Fram kom að MOLESKINE væri gamalgróið vörumerki sem hefði fyrst í stað auðkennt bækur sem hefðu ekki verið úr leðurlíki.

---

<sup>2</sup> C-421/04.

Þá sagði orðrétt:

Vörumerkið MOLESKINE skv. alþjóðlegri skráningu nr. 1043501 nær m.a. yfir vörur í 18. og 25. flokki. Það hefur nú myndað nýja tengingu við slíkar vörur. Notkun merkisins hófst í tengslum við umræddar minnisbækur (sem eru handhægar til að ferðast með) og þannig öðlaðist það frægð. Forsenda þess að merki sé notað sem auðkenni fyrir nýjar vörur er sú að það samræmist „heimspeki“ eiganda merkisins, sbr. til dæmis <http://www.moleskine.com/en/moleskine-world>.

Þar sem upprunaleg notkun vörumerkisins tengdist ferðalögum var eðlilegt að notkun þess yrði einnig beint að vörum fyrir ferðalanga, aðallega töskur, bakpoka, fatnað o.fl.

Vörumerkjaskráningar fyrir MOLESKINE (meðal annars vörur í 18. og 25. flokki) staðfesta að neytendur upplifa orðið sem sérkennilegt heiti jafnvel í frönskumælandi löndum. Merkið hefur verið skráð í Evrópusambandinu fyrir fjölbreyttar vörur og þjónustu þar sem franska er opinbert tungumál, sbr. skráning nr. 006440077.

Þá kom fram að skv. reglum OHIM væri ein forsenda höfnunar sú að merki teldist lýsandi eða skorti aðgreiningarhæfi og þá nægði að skilyrði væru uppfyllt gagnvart einu opinberu evrópsku tungumáli. Því hefði OHIM staðfest með rannsókn að sú merking sem ELS hefði vísað til ætti ekki að koma í veg fyrir skráningu merkisins til að auðkenna þær vörur sem hin alþjóðlega skráning næði til. Bent var á að merki áfrýjanda hefði fengist skráð í Kanada þar sem franska væri opinbert tungumál. Einnig var bent á að fallið hefði verið frá höfnun á skráningu í Rússlandi, Sviss og í Hong Kong en sums staðar hefði vörulistinn verið takmarkaður. Bent var á að áfrýjandi ætti þegar skráð merkið MOLESKINE, alþjóðleg skráning nr. 800265, á Íslandi til að auðkenna vörur í flokki 16, þ.m.t. bókbandsefni. Fram kom að reglulega væri minnst á merkið MOLESKINE á vefsíðunni [www.lovemarks.com](http://www.lovemarks.com) auk þess sem vitnað hefði verið til þess í Phaidon Design Classics og þess getið þar að um væri að ræða eina eftirtektarverðustu nýsköpun í framleiðslu sl. 200 ára. Einnig var getið um að aðdáendahópur vörumerkisins væri stór og að mikið væri um pantanir á sérhönnuðum minnisbókum þar sem tenging væri við merkið MOLESKINE. Bent var á að á árinu 2006 hefði verið gefin út sérstök sérhönnuð bók vegna tónleikaferðar Sigur Rósar. Bent var á að ef leitað væri að MOLESKINE á leitarvél Google kæmu upp niðurstöður sem tengdust minnisbókum áfrýjanda. Í framhaldinu var bent á að ef „diesel“ væri slegið upp á sömu leitarvél kæmu bæði upp niðurstöður sem tengdust gallabuxum og bíl vélum. Við leit að „jaguar“ kæmu upp síður sem tengdust samnefndu vörumerki en einnig upplýsingar um kattardýr. Sambærileg dæmi voru nefnd um „apple“ og „corona“. Umboðsmaður áfrýjanda fullyrti að neytendur virtust aðeins tengja MOLESKINE við það vörumerki sem hér væri til umfjöllunar og var þess krafist að merkið yrði samþykkt til skráningar. Þá var þess krafist til vara að merkið yrði skráð með tiltekinni takmörkun hvað varðar flokka 18 og 25.

Í bréfi ELS til umboðsmanns áfrýjanda, dags. 4. júlí 2013, kom fram að það væri enn mat stofnunarinnar að merki áfrýjanda væri lýsandi auk þess sem það skorti sérkenni og aðgreiningareiginleika fyrir þær vörur sem því væri ætlað að auðkenna. ELS ítrekaði að vörumerkjarétturinn væri landsbundinn. Þá ítrekaði stofnunin að hún hefði lagt til grundvallar að orðið moleskine væri franskt orð sem þýddi leðurlíki og því væri orðið lýsandi fyrir þær vörur í flokki 18 og 25 enda bæri að meta sérkenni erlendra orða m.a. á grundvelli merkingar þeirra á íslensku. Kvað hann tilvísun umboðsmanns áfrýjanda til fræðiritis því ekki eiga við hvað þetta atriði snerti. ELS benti á að meta þyrfti í hverju tilviki fyrir sig hvort unnt væri að leggja merkingu erlends orðs á íslensku til grundvallar eður eigi, óháð því um hvaða tungumál væri að ræða. Vísað var til úrskurðar áfrýjunarnefndar í máli nr. 5/2002 (CREME BONJOUR) og til dóms Evrópudómstólsins í MATRATZEN-máli.<sup>3</sup> ELS benti á að síðari hluti orðsins, þ.e. –skine, væri nánast eins og íslenska orðið „skinn“ sem væri samheiti orðsins „leður“. ELS taldi því að orðið „moleskine“ myndi vekja hughrif meðal íslenskra neytenda að umrædd vara væri unnin úr einhvers konar leðri. Þá vísaði ELS til þess að hið franska orð væri nánast eins og orðið „moleskin“ á ensku og „molskinn“ á íslensku. Ítrekaðar voru merkingar enska orðsins og þá kvaðst ELS ekki geta fallist á að orðið molskinn væri ekki þekkt eða notað hér á landi enda um íslenskt orð að ræða og ekki hefði verið sýnt fram á að það væri ekki notað í íslensku. Þá kvað ELS að taka bæri tillit til þess að franska hefði sérstaka þýðingu fyrir þær vörur sem merkinu væri ætlað að auðkenna í flokkum 18 og 25 enda væru tengsl Frakklands við tískuvörur alþekkt. ELS taldi fram komnar upplýsingar um sögu merkis áfrýjanda ekki geta talist sönnun um notkun merkisins hér á landi og hefðu því ekki áhrif á skráningarhæfi þess. Hvað varðar skráningu á merkinu MOLESKINE, sbr. skrán. nr. 800265, kom fram að hver umsókn væri metin sérstaklega, m.a. með tilliti til þeirrar vöru eða þjónustu sem henni væri ætlað að auðkenna. ELS taldi umrædda skráningu ekki hafa áhrif á skráningarhæfi merkisins til að auðkenna vörur í flokkum 18 og 25.

Að lokum tók ELS fram að það liðkaði ekki fyrir skráningu á merkinu að fallast á varakröfu umboðsmanns áfrýjanda enda gæti það verið fallið til að villa um fyrir mönnum um tegund vöru ef tekið yrði fram að tiltekna vörur væru ekki gerðar úr „moleskine“. Þá var ítrekað að ekki væri fallist á skráningu merkisins MOLESKINE, sbr. alþjóðleg skráning nr. 10043501, hvað varðar flokka 18 og 25.

---

<sup>3</sup> C-421/04.

## II.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut ákvörðun ELS til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 2. september 2013, en ekki bárust frekari athugasemdir frá honum til nefndarinnar.

*Niðurstaða:*

## III.

Í málinu er deilt um hvort orðmerkið MOLESKINE, fyrir tilgreindar vörur í flokkum 18 og 25, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1043501, sé lýsandi og hafi til að bera nægjanlegt sérkenni og aðgreiningarhæfi til að vera til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og uppfylli þannig skilyrði 13. gr. vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.) um skráningarhæfi merkja.

Merki sem eingöngu teljast lýsandi uppfylla ekki skilyrði 13. gr. vml., þ.e. merki sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefa til kynna m.a. tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd skal ekki telja nægjanlegt sérkenni. Sama gildir um merki sem byggja á algengum táknum eða orðasamböndum sem notuð eru í viðskiptum eða daglegu máli. Skilyrðið um að merki skuli hafa sérkenni er rökstutt með því að annars vegar séu lýsandi merki ekki til þess fallin að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og hins vegar að enginn skuli fá einkarétt á orðum sem allir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota. Við mat á því hvort merki uppfylli skilyrði um sérkenni þarf að skoða hvert tilvik fyrir sig og meta aðstæður allar, eins og fyrir hvaða vörur merki óskast skráð, fyrri notkun o.fl. Ekki er því sjálfkrafa hægt að byggja á eldri fordæmum eða mati á öðrum merkjum. Orðmerki á erlendu tungumáli getur einnig skort sérkenni á Íslandi ef um er að ræða tungumál sem gera má ráð fyrir að þorri almennings þekki til, eins og t.d. gildir um enska tungu.

Í því máli sem hér er til úrlausnar hefur áfrýjandi, sem er ítalskt fyrirtæki, sótt um skráningu á orðmerkinu MOLESKINE fyrir tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 9, 11, 14, 18, 20, 25 og 41. Eins og rakið er í bréfum ELS, dags. 16. janúar og 4. júlí 2013, þýðir orðið MOLESKINE á frönsku, skv. orðabók á Snöru vefbókasafni, „leðurlíki“ og á ensku

„moldvörpuskinn“, eða „molskinn, þykkt, þéttofið bómullarefni ...“. Að mati ELS er orðið lýsandi fyrir tegund þeirrar vöru sem merkið óskast skráð fyrir í flokkum 18 og 25 og villandi fyrir vörur í flokkunum sem ekki eru gerðar úr leðurlíki en gætu hugsanlega verið það. Stofnunin hefur hins vegar skráð merkið fyrir vörur og þjónustu í flokkum 9, 11, 14, 20 og 41.

Þótt franska verði að teljast eitt af höfuðtungumálum þeirra markaðssvæða sem Ísland skiptir mest við verður ekki séð af fyrirbyggjandi gögnum í málinu og með hliðsjón af athugun áfrýjunarnefndar að merking orðsins MOLESKINE sé þekkt hér á landi og því síður sé orðið í daglegri notkun hjá meginþorra íslenskra neytenda. Þá verður að mati nefndarinnar ekki talið að skráning merkisins komi í veg fyrir að aðrir á sama sviði viðskipta geti auglýst sambærilegar vörur. Áfrýjunarnefnd telur jafnframt að frönskukunnátta íslenskra neytenda sé ekki svo almenn að merkið skapi þau hughrif hjá almenningi að um sé að ræða vörur gerðar úr einhvers konar gerviskinni eða leðurlíki. Þá bendir áfrýjunarnefnd á að vörumerkið MOLESKINE er skráð hjá Evrópsku skráningarstofunni (OHIM) sem Evrópuvörumerki í flokkum 18 og 25. Orðmerkið MOLESKINE verður því hvorki talið lýsandi fyrir þær vörur sem óskað er skráningar fyrir í flokkum 18 og 25, né villandi fyrir vörur í þeim flokkum sem ekki eru gerðar úr leðurlíki en gætu hugsanlega verið það.

Niðurstaða áfrýjunarnefndar er því sú að orðmerkið MOLESKINE sé skráningarhæft fyrir þær vörur í flokkum 18 og 25 sem sótt er um skráningu fyrir.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigrún Brynja Einarsdóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.

*Úrskurðarorð:*

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar, dags. 4. júlí 2013, um að hafna skráningu á vörumerkinu MOLESKINE (orðmerki), fyrir tilgreindar vörur í flokkum 18 og 25, sbr. alþjóðleg skráning nr. 1043501, er hnekk.

Úrskurð þennan kváðu upp Sigrún Brynja Einarasdóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnt og Margrét Sigurðardóttir lögfræðingur.

Sigrún Brynja Einarasdóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Rétt endurrit staðfestir



## **Fylgiskjal.**

Vörulisti tilkynningar WIPO er á ensku og er svohljóðandi:

Flokkur 9: Scientific, nautical, surveying, photographic, cinematographic apparatus and instruments; optical apparatus and instruments, including spectacles, sunglasses, protective eyeglasses, frames, cases and chains for spectacles and glasses; weighing apparatus and instruments, measuring apparatus and instruments, including compass, altimeters, barometers, thermometers not for medical purposes; signalling, checking (supervision), life-saving, apparatus and instruments including protective helmets, protective helmets for sports; and teaching apparatus and instruments; apparatus and instruments for conducting, switching, transforming, accumulating, regulating or controlling electricity; apparatus for recording, transmission or reproduction of sound and/or images, including cameras, camcorders, digital picture frames, digital picture albums, portable sound players, portable media devices, including electronic books; accessories for the above mentioned goods, including protective cases, carrying cases, earphones; headphones, stereo equipment, namely, stereo receivers, stereo amplifiers, personal stereos and audio speakers; recording discs; automatic vending machines and mechanisms for coin-operated apparatus; cash registers, calculating machines, data processing equipment and computers; data processors; CD, DVD, universal serial bus keys; data carriers, computer accessories; computer software; downloadable products; recorded sound and/or image media; audio and video musical recordings; mobile phones; their parts and accessories included in this class; hand held communication devices (walkie talkies); global positioning systems (GPS devices); fire-extinguishing apparatus.

Flokkur 11: Apparatus for lighting, including lamps, lamp holders, their parts and accessories included in this class, torches, searchlights, headlamps; light reflectors; apparatus for heating, steam generating, cooking, refrigerating, drying, ventilating, water supply and sanitary purposes.

Flokkur 14: Precious metals and their alloys and goods in precious metals or coated therewith, not included in other classes; jewellery, imitation jewellery (costume jewellery), key rings and key fobs of precious metal, cases of precious metals, precious metal money clips, precious metal tobacco holders, precious stones; watches, clocks, horological and chronometric instruments.

Flokkur 18: Leather and imitations of leather, and goods made of these materials and not included in other classes; animal skins, hides; trunks and travelling bags; bags, handbags, briefcases, folders for documents, waist packs, shopping bags, suitcases, travelling bags, trolleys bags, backpacks, school rucksack, trunks, wallets, purses, key cases, key cases (leatherware), vanity cases sold empty; umbrellas, parasols and walking sticks; whips, harness and saddlery.

Flokkur 20: Furniture, mirrors, picture frames; goods (not included in other classes) of wood, cork, reed, cane, wicker, horn, bone, ivory, whalebone, shell, amber, mother-of-pearl, meerschaum and substitutes for all these materials, or of plastics; storage organizers, storage racks, storage cabinets.

Flokkur 25: Clothing, footwear, headgear, including clothing for men, women and children, namely pullovers, cardigans, sweaters, jerseys, jumpers, jackets, sweatshirts, parkas, bathing suits, blouses, shirts, trousers, jeans, waistcoats, skirts, shorts, T-shirts, dresses, men's suits, coats, raincoats, overcoats, overalls, underwear, vests, hosiery and panty hoses, bathrobes, shawls, scarves, neckties, gloves for clothing, belts for clothing, shoes, boots, sandals, slippers, clogs, hats and caps.

Flokkur 41: Clothing, footwear, headgear, including clothing for men, women and children, namely pullovers, cardigans, sweaters, jerseys, jumpers, jackets, sweatshirts, parkas, bathing suits, blouses, shirts, trousers, jeans, waistcoats, skirts, shorts, T-shirts, dresses, men's suits, coats, raincoats, overcoats, overalls, underwear, vests, hosiery and panty hoses, bathrobes, shawls, scarves, neckties, gloves for clothing, belts for clothing, shoes, boots, sandals, slippers, clogs, hats and caps.